

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

07 750

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

kt. 570380-0449

Digranesvegur 5, 200 Kópavogur

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins er ríkisaðili í A-hluta, hlutverk hennar er að tryggja að börn með alvarlegar þroskaskerðingar sem leitt geta til fötlunar síðar á ævinni fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem bæta lífsgæði þeirra.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er miðlæg þjónustu- og þekkingarmiðstöð sem starfar á þverfaglegum grunni og sinnir börnum að 18 ára aldri hvar sem þau búa á landinu. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 83 frá árinu 2003.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefna svið 29 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 822,7 milljónir og afkoma kr. 0,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 94,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 165,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Soffía Lárusdóttir
Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	740.500.000	234.670.753
Seld þjónusta	3	67.189.162	58.859.971
Framlög og ýmsar tekjur	4	11.516.348	40.974.520
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	3.458.986	3.302.024
Tekjur samtals		822.664.496	337.807.268
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	674.093.868	614.471.364
Annar rekstrarkostnaður	6	144.650.041	109.203.471
Afskriftir	7	3.458.986	3.302.024
Gjöld samtals		822.202.895	726.976.859
Afkoma fyrir fjármagnsliði		461.601	(389.169.591)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	44.129
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(8.307)	(14.181)
		(8.307)	29.948
Afkoma ársins		453.294	(389.139.643)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		12.962.776	10.951.440
		<u>12.962.776</u>	<u>10.951.440</u>
Fastafjármunir samtals		<u>12.962.776</u>	<u>10.951.440</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	9	149.447.426	108.506.078
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		841.775	546.436
Handbært fé		2.258.047	37.862.343
		<u>152.827.534</u>	<u>147.526.323</u>
Veltufjármunir samtals		<u>152.827.534</u>	<u>147.526.323</u>
Eignir samtals		<u>165.790.310</u>	<u>158.477.763</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	10	94.312.898	93.859.604
		<u>94.312.898</u>	<u>93.859.604</u>
Eigið fé samtals		<u>94.312.898</u>	<u>93.859.604</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	2.817.383	229.499
Viðskiptaskuldir		6.685.401	5.720.771
Ýmsar skammtímaskuldir	11	66.210.100	59.444.375
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	(4.235.472)	(776.486)
		<u>71.477.412</u>	<u>64.618.159</u>
Skuldir samtals		<u>71.477.412</u>	<u>64.618.159</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>165.790.310</u>	<u>158.477.763</u>
Aðrar upplýsingar			
	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		453.294	(389.139.643)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	3.458.986	3.302.024
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(3.458.986)	(3.302.024)
		<u>453.294</u>	<u>(389.139.643)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		35.841	44.506.013
Tengdir aðilar		(43.823.786)	434.600.736
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		7.730.355	(70.785.394)
		<u>(36.057.590)</u>	<u>408.321.355</u>
		<u>(35.604.296)</u>	<u>19.181.712</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(5.470.322)	(4.933.941)
		<u>(5.470.322)</u>	<u>(4.933.941)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt			
ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins		0	(2.159.378)
Tengdir aðilar		5.470.322	4.933.941
		<u>5.470.322</u>	<u>2.774.563</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(35.604.296)	17.022.334
		<u>37.862.343</u>	<u>20.840.009</u>
		<u>2.258.047</u>	<u>37.862.343</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	740.500.000	234.670.753
Tekjufærsla frestaðra tekna	3.458.986	3.302.024
	<u>743.958.986</u>	<u>237.972.777</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	732.000.000	0	0	732.000.000
Millifært úr varasjóð	8.500.000	0	0	8.500.000
Fjárveiting til tekna	740.500.000	0	0	740.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(740.046.706)	0	0	(740.046.706)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	453.294	0	0	453.294

	2021	2020
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	46.323.161	41.847.791
Veitinga- og gistiþjónusta	3.239.300	1.502.300
Fræðslustarfsemi og fundir	17.626.701	15.509.880
	<u>67.189.162</u>	<u>58.859.971</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild	1.110.055	962.328
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	5.293.717	37.172.192
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	5.112.576	2.840.000
	<u>11.516.348</u>	<u>40.974.520</u>

Skýringar

	2021	2020
5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	543.479.100	490.199.424
Orlof, breyting	6.629.017	12.100.005
Launatengd gjöld	120.389.624	109.142.671
Starfsmannakostnaður	3.596.127	3.029.264
	674.093.868	614.471.364
Meðalfjöldi stöðugilda	54,3	50,1
	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.252.842	2.350.022
Byggingarvörur, almennar	29.750	0
Byggingarvörur, aðrar	850	0
Ýmis tæki og áhöld	1.013.607	1.409.028
Varahlutir og viðhaldsvörur	3.179	35.208
Orkugjafir	2.032.136	1.742.748
Matvæli	13.677.524	7.724.564
Almennar rekstrarvörur	1.616.616	1.874.334
Vörukaup, almenn	20.626.504	15.135.904
Lyf og tengd efni	2.370	0
Sjúkrahústæki og áhöld	1.434.536	869.948
Kennslu- og föndurvörur	55.114	103.987
Ýmsar sérgreindar vörur	37.673	332.765
Vörukaup, sérgreind	1.529.693	1.306.700
Fundur, námskeið, risna	1.775.751	3.142.373
Ferðir, uppihald	6.076.096	3.920.777
Akstur	5.655.475	4.424.540
Sérfræðiþjónusta	33.749.756	26.639.300
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	110.130	106.551
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	936.815	549.249
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	4.420.077	3.708.625
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	52.724.100	42.491.415
Samningsbundin kaup og leiga	14.659.104	0
Afnotagjöld	13.112.364	9.345.639
Leigugjöld	32.742.556	32.245.692
Notkun véla og flutningatækja	140.370	38.630
Verkkaup	9.115.350	8.561.991
Tilfærslur	0	3.300
Tapaðar kröfur	0	74.200
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	69.769.744	50.269.452
Annar rekstrarkostnaður samtals	144.650.041	109.203.471
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	3.458.986	3.302.024
	3.458.986	3.302.024

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	12.962.776	10.951.440
	<u>12.962.776</u>	<u>10.951.440</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	32.028.678	658.007	32.686.685
Viðbætur á árinu	5.470.322	0	5.470.322
	<u>37.499.000</u>	<u>658.007</u>	<u>38.157.007</u>
Afskriftir 01.01.2021	21.077.238	658.007	21.735.245
Afskrift ársins	3.458.986	0	3.458.986
	<u>24.536.224</u>	<u>658.007</u>	<u>25.194.231</u>
Staða 31.12.2021	12.962.776	0	12.962.776

	31.12.2021	31.12.2020
9 Tengdir aðilar		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	102.308.774	65.894.839
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	47.138.652	42.611.239
	<u>149.447.426</u>	<u>108.506.078</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	2.817.383	229.499
	<u>2.817.383</u>	<u>229.499</u>

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	93.859.604	485.158.625
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	(2.159.378)
Afkoma ársins	453.294	(389.139.643)
Jöfnuður 31.12.	<u>94.312.898</u>	<u>93.859.604</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
11 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	65.269.542	58.640.525
Ógreidd laun	0	309.950
Önnur ógreidd gjöld	940.558	493.900
	<u>66.210.100</u>	<u>59.444.375</u>

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	12.962.776	10.951.440
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(17.198.248)	(11.727.926)
	<u>(4.235.472)</u>	<u>(776.486)</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	10.951.440	(11.727.926)	(776.486)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	5.470.322	(5.470.322)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(3.458.986)	0	(3.458.986)
	<u>12.962.776</u>	<u>(17.198.248)</u>	<u>(4.235.472)</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 3,6 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og rekstrarleigu samninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 34,2 milljónum og vegna rekstrarleigu samninga kr. 2,1 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.